

Nd.

342. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipun prestakalla (þskj. 331).

Frá Guðbr. Ísberg.

1. Við 1. gr. 20. Greinarliðurinn orðist svo:

Flatey: Flateyjar, Haga, Brjánslækjar og Múla sóknir.

2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Skýlt er prestum í Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grimsey, Ólafsfirði, Skeggjastöðum, Mjóafirði, Neskaupstað, Kálfafellsstað, Sandfelli, Kálfholti, Þingvöllum, Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, Setbergi, Breiðabólsstað á Skógarströnd, Bildudal, Stað í Ségandafirði, Bolungavík og Stað í Aðalvík að annast barnakennslu í sóknum sínum án sérstakra launa fyrir það starf, ef kennslumálaráðherra telur það tiltækilegt og leggur svo fyrir, enda sé séð fyrir húsnæði fyrir heimavistarskóla á prestssetrunum.

Presturinn að Hólum í Hjaltadal skal kenna eina námsgrein, jafnaðarlega íslenzku, við bændaskólann á Hólum, án sérstakra launa fyrir það starf.